



## Reglur Norðurþings um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni með langvarandi stuðningsþarfir

### 1. gr.

#### Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar skv. 17. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstað, með síðari breytingum. Jafnframt er tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólk og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

### 2. gr.

#### Markmið

Markmið með skammtímadvöl er að gefa börnum og ungmennum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins.

### 3. gr.

#### Hverjir eiga kost á skammtímadvöl

Skammtímadvöl er ætluð börnum og ungmennum með staðfesta fötlunargreiningu. Börn sem flokkast í umönnunarflokka 1, 2 og 3 eins og þeir eru skilgreindir í 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna eru í forgangi. Heimilt er að veita öðrum skammtímadvöl eftir því sem eftirspurn og aðstæður leyfa hverju sinni.

Heimilt er að veita fullorönu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtímadvalar.

### 4. gr.

#### Skipulag skammtímadvalar

Norðurþing ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu skammtímadvalar og skal tryggja að aðstæður miðist við aldur þeirra sem þar dvelja á hverjum tíma. Starfsemi og aðbúnaður skal ætíð taka mið af þörfum notenda þannig að þjónustan sé valdeflandi og þjónustuferli skýr og auðskiljanleg notendum og fjölskyldum þeirra.

Hver og einn notandi fær tengilið sem er starfsmaður skammtímadvalarinnar. Hlutverk tengiliðs er að samræma þjónustu með gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar ef við á. Skal það gert í samráði við notandann og/eða forsjáraðila eða nákomna aðila sem og skóla eða aðra þjónustuaðila eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins notenda. Óski foreldrar eftir að fá stuðning heim í stað dvalar á skammtímavistunarstað skal það metið sérstaklega.

Heimsóknir forsjáraðila/foreldra/aðstandenda eru skipulagðar í samvinnu við forstöðumann skammtímaþjónustunnar og/eða tengilið þjónustuþega í skammtímadvöl.

Þjónustu- og rekstraraðili skal á minnst 12 mánaða fresti meta gæði þjónustunnar og ráðast í gerð umbótaáætlunar sé þess talin þörf. Slíkt mat skal vera aðgengilegt almenningi.

## **5. gr. Þjónustutími**

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá hluta úr degi upp í 15 sólarhringa á fjögurra vikna fresti.

Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 15 sólarhringa í 26 vikur samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili notandans. Þurfi notandi annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu hans, samhliða skammtímadvöl, skal vísa máli hans til sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018.

Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi svo unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

## **6. gr. Umsóknarferli og úthlutanir**

Umsókn um skammtímadvöl skal koma til Félagsþjónustu Norðurlþings. Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið auk málstjóra í viðtal til að afla frekari upplýsinga. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum, með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem fram kemur mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning. Mat á þörf fyrir þjónustu er gert út frá fyrirliggjandi gögnum. Við matið er m.a. litið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskyldan fær.

Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er annars vegar metið hvort almenn úrræði samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geti komið til móts við þarfir umsækjanda eða hvort þörf sé sérstakra stuðningsúrræða samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Umsókn er lögð fyrir samráðsfund Félagsþjónustu Norðurlþings. Umsækjanda er tilkynnt um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðuninni innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um hana. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur þegar niðurstaða liggur fyrir.

Þegar losnar um í skammtímadvöl þá forgangsraðar Félagsþjónusta Norðurlþings umsóknum um skammtímadvalir. Börn í umönnunargreiðsluflokkum 1 og 2 hjá Tryggingastofnun ríkisins njóta forgangs.



## **7. gr.**

### **Hámarksfjöldi notenda á skammtímadvalarstað**

Fjöldi notenda í skammtímavistun, alla jafna, skal ekki vera fleiri en sex samtímis. Við mat á hámarksfjölda notenda á hverjum tíma skal tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins og aðstæðum á skammtímadvalarstað hverju sinni.

## **8. gr.**

### **Kostnaðarpáttaka**

Þjónusta í skammtímadvöl er notendum að kostnaðarlausu. Þeir skulu standa straum af kostnaði vegna frístunda og ferða sinna á meðan á skammtímadvöl stendur. Notendur skammtímadvalar skulu ekki bera kostnað sem fellur til við starfsmannahald vegna þátttöku þeirra í frístundastarfi utan skammtímadvalar.

Notendur eldri en 18 ára skulu standa straum af kostnaði vegna fæðis meðan á dvöl stendur og greiða skv. gjaldskrá hverju sinni.

## **9. gr.**

### **Starfsmannahald**

Forstöðumaður skammtímadvalar skal hafa háskólapróf á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda og reynslu sem nýtist í starfi. Jafnframt skal að minnsta kosti einn annar starfsmaður með fagmenntun vera til staðar á vöku tíma. Starfsmenn skulu hafa grunnþekkingu á þjónustu við fatlað fólk og uppeldi barna ef við á.

Norðurþing tekur ábyrgð á ráðningu starfsmanna. Óheimilt er að ráða starfsmann sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum í köflum XXII og XXIII og 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

## **10. gr.**

### **Eftirlit**

Norðurþing annast eftirlit með starfsemi skammtímadvalarstaða, sbr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Eftirlitið getur verið í formi úttekta á gæðum sem byggjast á kröfulýsingum, þar sem aðstæður eru skoðaðar.

## **11. gr.**

### **Málsmeðferð**

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## **12. gr.**

### **Málskotsréttur**

Málsmeðferðarreglur Félagsþjónustu Norðurþings er að finna í IV. kafla reglna Norðurþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. En þar koma m.a. fram kæruleiðir vilji umsækjandi ekki una ákvörðun Félagsþjónustu Norðurþings.



### **13. gr. Gildistaka**

Reglur þessar eru settar skv. 17. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstað.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi fjölskylduráðs þann 29.04.2025  
Staðfestar í sveitarstjórn þann 08.05.2025

